

Úrskurður

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 20/2003

Nettengsl ehf.

gegn

samkeppnisráði

I

Með bréfi dags. 17. október 2003 hafa Nettengsl ehf. kært ákvörðun samkeppnisráðs [nr. 23/2003](#) sem tekin var þann 19. september 2003.

Í hinni kærðu ákvörðun var ósk áfrýjanda um endurupptöku máls samkeppnisráðs nr. 3/2003 hafnað.

Af hálfu áfrýjanda er þess aðallega krafist að ákvörðun samkeppnisráðs verði úr gildi felld og lagt verði fyrir samkeppnisráð að taka málið til efnislegrar meðferðar á ný.

Af hálfu samkeppnisráðs er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsenda hennar.

II

Málavextir eru þeir að með bréfi áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar, dags. 11. apríl 2003, óskaði hann eftir því að mál samkeppnisráðs nr. 3/2003 yrði tekið til meðferðar á ný á grundvelli 24. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, þar sem hann taldi að ákvörðunin hefði byggst á ófullnægjandi og röngum upplýsingum um málsatvik. Í umræddri ákvörðun samkeppnisráðs var ekki talið tilefni til að aðhafast frekar vegna rekturs fjármálaráðuneytisins á vefnum starfatorg.is en áfrýjandi sem rekur vefinn job.is hafði talið að starfsemin væri í samkeppni við fyrirtæki á einkamarkaði og vísað til 2. tl. 17. gr. og 14. gr. samkeppnislaga 8/1993. Áfrýjandi kærði þessa ákvörðun

samkeppnisráðs til áfrýjunarnefndar samkeppnismála á sínum tíma en kærinni var vísað frá nefndinni þar sem hún barst að loknum kærufresti, sbr. ákvörðun nefndarinnar í máli nr. 2/2003.

Málsmeðferð Samkeppnisstofnunar er að öðru leyti lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess er þar segir.

Á fundi samkeppnisráðs 19. september 2003 var tekin ákvörðun í máli þessu. Ákvörðunarorðin hljóða svo:

„Samkeppnisráð hafnar, með vísan til framangreinds, beiðni Nettengsla ehf. um að ákvörðun ráðsins nr. 3/2003 verði endurupptekin.“

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Greinargerð samkeppnisráðs barst nefndinni 30. október 2003. Áfrýjandi nýtti sér ekki rétt sinn til að skila inn frekari athugasemdum í málinu.

III

Af hálfu áfrýjanda er vísað til þess að samkvæmt 24. gr. stjórnarsýslulaga eigi aðili stjórnarsýslumáls rétt á því að mál verði tekið til meðferðar á ný ef stjórnvaldsákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 3/2003 komi ekki skýrt fram á hvaða upplýsingum ákvörðunin hafi grundvallast. Ljóst sé þó að niðurstaða ráðsins byggði m.a. á því að líkja mætti starfatorgi.is við safnvef fyrir auglýsingar eða upplýsingar um störf hjá hinu opinbera sem kynnu að birtast á vefsíðum einstakra ráðuneyta og stofnana ríkisins. Telur áfrýjandi að niðurstaða samkeppnisráðs hafi byggst á upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu sem gefi ýmist ófullnægjandi mynd af rekstri Starfatorsins eða séu hreinlega rangar. Þannig segi í bréfum ráðuneytisins að ekki hafi þurft að ráðast í neina hugbúnaðarsmíði eða hönnun og að ekki hafi verið þörf á sérstökum gagnagrunni vegna Starfatorsins. Áfrýjandi telur að þessar fullyrðingar standist ekki og að í svo huglægri yfirlýsingu felist ófullnægjandi upplýsingar um atvik máls í skilningi 24. gr. stjórnarsýslulaga. Réttlæti það eitt og sér endurupptöku máls þessa, þar sem ljóst sé að fullyrðing þessi hafi verið lögð gagnrýnislaust til grundvallar niðurstöðu ráðsins í ákvörðun nr. 3/2003.

Áfrýjandi telur að samkeppnisráð hafi sinnt lögbundinni rannsóknarskyldu sinni að mjög takmörkuðu leyti við undirbúning ákvörðunar nr. 3/2003. Þannig hafi ekki farið fram nein könnun af hálfu samkeppnisráðs á því hversu mikill kostnaður væri í raun af rekstri Starfatorgsins eða hve miklum tíma starfsmenn ráðuneytisins eyddu í uppsetningu vefsíðunnar og eyða í umsýslu vegna þjónustunnar.

Þá bendir áfrýjandi á að fjármálaráðuneytið hafi nú í hyggju að taka upp þá auknu þjónustu að starfsfólk stjórnarráðsins muni fá sendar upplýsingar um auglýst störf sem koma ný inn á vefinn. Ljóst sé að með þessu yrði sú þjónusta sem Starfatorg veitir enn umfangsmeiri og þá um leið líkari þeirri þjónustu sem áfrýjandi veiti fólki í atvinnuleit. Samkeppnisráð fjalli ekkert um þetta atriði í hinni kærðu ákvörðun.

Áfrýjandi vísar að lokum til þess að verði beiðni hans um endurupptöku ekki samþykkt sé réttur hans til að bera mál sitt undir dómstóla, þar með útilokaður, sbr. 55. sbr. 56. gr. samkeppnislaga. Réttur hans til að bera mál sitt undir dómstóla sé verndaður af 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og beri að taka tillit til þessara ákvæða.

Af hálfu samkeppnisráðs er vísað til þess að ákvörðun ráðsins nr. 3/2003 byggi ekki að neinu leyti á þeirri vinnu og þeim kostnaði fjármálaráðuneytisins sem varðar uppbyggingu eða rekstur vefsvæðisins starfatorg.is. Ákvörðun samkeppnisráðs hafi byggt á því að líkja megi „...Starfatorgi við safnvef fyrir auglýsingar eða upplýsingar um störf hjá hinu opinbera sem kynnu að birtast á vefsíðum einstakra ráðuneyta og stofnana ríkisins. Samkeppnisráð telur að Starfatorg sé nýtt birtingarform upplýsinga hjá ríkinu. Starfatorg birtir aðeins upplýsingar um laus störf og starfskjör hjá ráðuneytum og ríkisstofnunum. M.ö.o. þá býður Starfatorg ekki öðrum sem starfa á samkeppnismarkaði að nýta miðlunarþjónustu sína.... Fjármálaráðuneytið fer með fyrirsvaer af hálfu ríkisins í starfsmannamálum og það fer ekki gegn samkeppnislögum þó opinberir aðilar sinni verkefnum sem tengjast starfskyldum þeirra.“ Því sé ljóst að tilvitnuð ákvörðun samkeppnisráðs, sem óskað sé endurupptöku á, byggi ekki að neinu leyti á kostnaðinum við rekstur Starfatorgsins heldur því eðlislæga og lögformlega hlutverki fjármálaráðuneytisins að fara með starfsmannamál fyrir ríkið. Þessar forsendur fyrir ákvörðun samkeppnisráðs nr. 3/2003 hafi ekki breyst og gefi því ekki tilefni til endurupptöku ákvörðunarinnar.

Hvað varðar ábendingar áfrýjanda um að hann hefði haft afspurn af því að breytinga mætti vænta á vefnum starfatorg.is sem geri það að verkum að vefurinn

verði ekki lengur safnvefur þá bendir samkeppnisráð á að áfrýjandi hafi ekki vitnað til neinna gagna eða annarra haldbærra upplýsinga þessu til stuðnings. Að mati samkeppnisráðs sé kvittur eða óljós afspurn um eitthvað sem hugsanlega kunni að gerast í óljósri framtíð ekki haldbær vísbending um að ákvörðun hafi byggst á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum og gefi þessi málsástæða ekki tilefni til endurupptöku ákvörðunar nr. 3/2003.

IV

Niðurstöður

Með vísun til þess, er áður hefur verið rakið, tekur áfrýjunarnefnd samkeppnismála undir þær röksemdir samkeppnisráðs í máli þessu, að ákvörðun nr. 3/2003 hafi byggst á því að að starfræksla vefsvæðisins starfatorg.is sé eðlilegur þáttur í starfsemi fjármálaráðuneytisins, sem fer með fyrirsvaer af hálfu ríkisins í starfsmannamálum, þar sem rafræn og neytendavæn tækni er notuð til að skapa yfirsýn um laus störf hjá ráðuneytum og ríkisstofnunum. Ekki liggja fyrir nein gögn, sem styðji þá staðhæfingu áfrýjanda að vænta megi þeirra breytinga á þeirri þjónustu, sem veitt er með starfatorg.is, að verða myndi í andstöðu við ákvæði samkeppnislaga.

Af þessu leiðir, að áfrýjunarnefnd fellst ekki á kröfu áfrýjanda um endurupptöku máls samkeppnisráðs nr. 3/2003 á grundvelli 24. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993, þar eð ekki verður séð að hin kærða ákvörðun samkeppnisráðs í því máli hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik.

Úrskurðarorð

Staðfesta ber hina kærðu ákvörðun.

Reykjavík, 25. nóvember 2003

Páll Sigurðsson

Anna Kristín Traustadóttir

Erla S. Árnadóttir